

**Ed.**

**871. Nefndarálit**

[282. mal]

við frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins og flyt ég því eftirfarandi

**BREYTINGATILLÖGUR:**

1. Við 30. gr. (Frádráttur manna frá tekjum utan atvinnurekstrar).
  - a. 3. liður B (Frádráttur vegna fengins arðs) falli niður.
  - b. Við C bætist nýr liður, sem verður 5. liður, svo hljóðandi:  
Sannanlegt leigugjald fyrir íbúðarhúsnæði, þó aldrei hærri fjárhæð en 300 þús. kr. á ári fyrir einstakling.
2. Við 38. gr. (Fyrningarhlutföll). Greinin orðist svo:  
Fyrning skal að vali skattaðila ákveðin sem árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna eða eignaflokks. Árlegt fyrningarhlutfall skal eigi vera herra en sem hér segir:
  1. Skip og skipsbúnaður 10%.
  2. Loftför og fylgihlutir þeirra 10%.
  3. Vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiðar og önnur flutningatæki, svo og annað lausafé sem fellur ekki undir 1. eða 2. tl., 15%.
  4. Mannvirki, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar, aðrar en íbúðarhúsnæði, 2%.Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið herra hámark fyrningarhlutfalls einstakra flokka eigna samkvæmt þessum tölulíð eftir notkun, gerð eða byggingarefni, þó eigi herra en 5%.

5. Eyðanleg náttúruauðæfi og keyptan rétt til nýtingar þeirra skal fyrna miðað við áætlaða heildarnýtingu og raunverulega nýtingu ár hvert. Áætluð heildarnýting er háð samþykki skattstjóra. Heildarfjárhæð fyrningar samkvæmt þessari grein má aldrei verða hærri en fyrningargrunnur hins fyrnda að frádregnu verðmæti því sem eftir stendur að lokinni nýtingu.
6. Keyptur eignarréttur að verðmætum hugverkum og auðkennum, stofnkostnaður og aðrar eignir sem um er rætt í 4. og 5. tl. 32. gr., 10%.  
Fyrning eigna samkvæmt þessum tölulíð er heimil í fyrsta skipti á því ári þegar eignanna er aflað eða lagt er í kostnað þeirra vegna.  
Þegar sýnt er fram á að notkunartími eigna samkvæmt þessum tölulíð er skemmri en 5 ár er heimilt að fyrna þær á notkunartíma.  
Stofnkostnað skv. 5. tl. 32. gr. er heimilt að færa að fullu til frádráttar tekjum á því ári þegar hann myndast.
3. Við 42. gr. Greinin falli niður. (Viðbótarfyrning á skattskyldum hluta söluhagnaðar).
4. Við 67. gr. (Skattstigi manna)
  - a. Í stað „18%“ komi: 15%.
  - b. Í stað „26%“ komi: 24%.
  - c. Í stað „34%“ komi: 38%.
5. Við 68. gr. (Persónuafsláttur).
  - a. Í stað „250 000 kr.“ komi: 300 000 kr.
  - b. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Þeir sem eru 67 ára eða eldri á skattárinu fá tvöfaldan persónuafslátt.
6. Við 69. gr. (Barnabætur).
  - a. Í stað „65 000 kr.“ komi: 85 000 kr.
  - b. Í stað „100 000 kr.“ komi: 120 000 kr.
7. Við 72. gr. (Tekjuskattur lögaðila). Í stað „45“ komi: 53%.
8. Við 116. gr. (Skattvísitala). Í stað orðanna „í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1980“ komi: í samræmi við skattvísitölu, sem miðuð sé við breytingu á launatekjum milli ára samkvæmt mati Hagstofu Íslands.
9. Við 118. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:  
Við álagningu skatta 1978 og 1979 af tekjum árána 1977 og 1978 skal gera eftirfarandi frávik frá ákvæðum gildandi laga, sbr. seinustu málsgrein:  
  - a. 5. mgr. C-liðar 15. gr. (um verðstuðulsfyrningu) fellur niður.
  - b. 1. og 2. mgr. D-liðar 15. gr. (Um flýtifyrningu) fellur niður.
  - c. 5. mgr. D-liðar 15. gr. (Um viðbótarfyrningu vegna skattskylds hluta söluhagnaðar) fellur niður.

Almennt um frumvarpið vil ég segja þetta:

Það skal viðurkennt, að viss atriði þessa frumvarps horfa til bóta, en gallarnir eru miklu fleiri.

Meingallar frumvarpsins eru einkum þeir, að allar horfur eru á, að skattlagning fyrirtækja og rekstraraðila verði áfram smávaxin. Frumvarpið býr yfir fjölmörgum smugum frá fyrri tíð, sem ætlað er það hlutverk að lækka tekjuskatta rekstraraðila, og þó er nokkrum nýjum bætt við.

Fyrningarhlutföll eru í flestum tilvikum hærri en áður.

Endurmat eigna hækkar fyrningargrunninn stórkostlega.

Söluhagnaður verður sjaldnast skattlagður vegna viðtækrar heimildar til viðbótarfyrningar, sbr. 42. gr.

Skattstigi félaga við álagningu tekjuskatts er lækkaður úr 53% í 45%.

Fenginn arður af hlutabréfum eða hlut í fyrirtæki, allt að hálfri milljón króna hjá hjónum, verður skattfrjáls.

Andvirði vörubirgða allt að 30% af reiknuðu matsverði vara, kemur til lækkunar á skattskyldum tekjum.

Fjórðung af hagnaði félaga er heimilt að leggja til hliðar, áður en skattur er lagður á.

Ýmsar fleiri ívilnunarreglur mætti nefna. Samanlögð áhrif af öllum þessum smugum hljóta að verða þau, að verulegur hluti atvinnurekstrar í landinu sleppur með að borga litinn sem engan tekjuskatt.

Í breytingartillögum, sem áður eru nefndar, er áhersla lögð á eftirfarandi:

1. að skattlagning rekstraraðila verði með eðlilegum hætti, sbr. það sem áður var sagt;
2. að lækka skatt af lágum tekjum og hækka á háum tekjum með brattari skattstiga;
3. að hækka persónuafslátt, sem leiðir til hækkunar á skattleysismörkum, og auka barnabætur;
4. að undanþiggja nær alla tekjuskatti, sem náð hafa 67 ára aldri, með því að veita þeim tvöfaldan persónuafslátt;
5. að gera leigu fyrir íbúðarhúsnæði frádráttarbæra frá skatti, allt að 25 þús. kr. fyrir einstakling og 50 þús. kr. fyrir hjón, enda er eigin leiga ekki talin lengur til tekna hjá íbúðareigendum;
6. að lögbinda að hækkun skattvísitölu skuli fylgja hækkun tekna milli ára, en þessi regla, sem oftast hefur verið fylgt í reynd, er brotin á þessu ári og leiðir það til stórhækkunar skatta í sumar.

Eins og flestir hafa vonandi áttað sig á, tekur frumvarpið ekki gildi, hvað álagningu varðar, fyrr en komið verður fram á mitt næsta kjörtímabil.

Þess vegna er hér gerð tillaga um breytingu á núgildandi lögum, en skv. ákvæði 118. gr. eiga gömlu lögin að gilda við álagningu tekjuskatts á þessu ári og því næsta.

Þessar seinast nefndu tillögur miða að því að fylla nokkrar stærstu glufurnar í núgildandi skattalögum, til þess að atvinnureksturinn taki á sig eðlilegan hluta af skattabyrðinni. Samþykkt þessara tillagna mundi sennilega auka tekjur ríkissjóðs á þessu ári um nokkur þúsund milljóna króna, og má merkilegt heita, ef þingmenn telja að ríkissjóður megi sjá af þessum tekjum, eins og afkomu hans er nú háttað.

Alþingi, 2. maí 1978.

Ragnar Arnalds.